

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2006

frá 27. október 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁶⁾ ásamt aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 730/2006 frá 11. maí 2006 um flokkun loftrýmis og aðgang flugs sem flogið er samkvæmt sjónflugsglumum yfir fluglagi 195 ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„66wa. **32006 R 0730**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 730/2006 frá 11. maí 2006 um flokkun loftrýmis og aðgang flugs sem flogið er samkvæmt sjónflugsglumum yfir fluglagi 195 (Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2006, bls. 3).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2006, bls. 3.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 730/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006, hvort sem síðar verður.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.